

**65. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar miðvikudaginn 5. maí 2010 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.**

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Indriði Þóroddsson, Sigurður Ragnar Kristinsson, Eyþór Jónsson, Hilma Steinarsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Þórir Jónsson, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Björn Guðmundur Björnsson sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar.

Oddviti óskaði eftir því að fá að setja inn nýjan lið sem væri liður 11 “fræðslu og menningarnefnd” og lið 16 sem verður færður í trúnaðarbók.

Samþykkt samhljóða.

**DAGSKRÁ:**

**1. Kynning á starfsemi Impru.**

Sólveig Ýr Sigurgeirsdóttir og Erla Sigurðardóttir kynntu starfsemi Impru á svæðinu. Sveitarstjórn lýsir ánægju sinni með starfsemi Impru og vonast til að sem flestir muni nýta sér þekkingu þeirra og þjónustu í framtíðinni.

**2. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 15. apríl 2010**

Lögð fram til kynningar.

**3. Fundargerð húsneðisnefndar dags. 16. apríl 2010**

Fundagerðin samþykkt samhljóða.

**4. Fundargerð USB dags. 21. apríl 2010**

Sigurður Ragnar Kristinsson lýsti sig vanhæfan vegna 1.liðar fundargerðarinnar og einnig vegna 5. liðar dagskrár fundarins og var það samþykkt og vék hann af fundi.  
Fundagerðin samþykkt með 5 atkvæðum og einn sat hjá.

**5. Fundargerð USB dags. 4.maí 2010 (afhent á fundi)**

Fundagerðin samþykkt samhljóða. Sigurður Ragnar kom á fundinn.

**6. Fundargerð hafnarnefndar dags. 26.apríl 2010**

Fundagerðin samþykkt samhljóða.

**7. Fundargerð fræðslu- og menninganefndar dags 29. apríl 2010**

Í lið tvö mælir skólanefnd með ráðningu eftirtalda umsækjenda.

- a. Sigríður Klara Sigfúsdóttir
- b. Hlöðver Ingi Gunnarsson
- c. Árni Davíð Haraldsson
- d. Hildur Stefánsdóttir
- e. Áslaug Davíðsdóttir

Nokkur umræða fór fram varðandi kennararáðningar

Samþykkt samhljóða að ráða áðurtalda aðila. Skólastjóra falið að koma því áleiðis til umsækjenda

Í lið tvö ákveður nefndin að kalla þá umsækjendur sem sóttu um skólastjórastöðuna til viðtals.

Samþykkt samhljóða  
Fundargerð samþykkt í heild sinni.

**8. Fundargerð Héraðsnefndar Þingeyinga ásamt viðauka dags. 14. apríl 2010**

- a. Fundargerð héraðsnefndar Þingeyinga lögð fram til kynningar
- b. Viðauki við fundargerð lögð fram til kynningar

**9. Fundargerð A.P. dags. 14. apríl 2010**

Lögð fram til kynningar

**10. Fundargerð Heilbrigðisnefndar norðurlands dags. 7. apríl 2010**

Í lið 12 í fundargerðinni voru tekin fyrir drög um hunda- og kattahald í Langesbyggð og framkvæmdarstjóra falið að yfirfæra tillöguna og senda Langesbyggð athugasemdir.

Lagt fram til kynningar.

**11. Fundargerð fræðslu- og menningarnefndar dags 4. maí 2010**

Samþykkt samhljóða

**12. Skýrsla sveitarstjóra.**

*Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.*

- Sveitarstjóri fór yfir að verið væri að vinna í útboðsgögnum vegna gangstéttar og vonaðist hann eftir þeim í næstu viku. Uppkast af útboði vegna sorphirðu liggur fyrir og fer það í auglýsingu í næstu viku. Sveitarstjóra falið að afla tilboða í lagfæringar á Félagsheimilinu Þórsveri samkvæmt fyrirbyggjandi útboðsgögnum.
- Jafnframt óskaði sveitarstjóri eftir því að farið verði í það að klára Miðholtið samkvæmt fyrri ákvörðunum sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða að ljúka gatnagerð við Miðholt samkvæmt samþykktri áætlun

- Stefnt skal að því að taka fyrri umræðu ársreiknings 2009 í næstu viku.

**13. Starfslýsingar og kostnaður vegna nýs starfs íþróttá- og æskulýðsfulltrúa og vegna nýs starfs ferða- menningar- og tómstundafulltrúa.**

Sveitarstjóri lagði fram uppköst að starfslýsingum og honum falið að vinna áfram að málinu.

Samþykkt með sex atkvæðum og einn sat hjá

**14. Samantekt vegna félags -og skólaþjónustu.**

Sveitarstjóri fór yfir samantektina

Lagt fram til kynningar

**15. Rekstraryfirlit fyrir jan. og feb. 2010** Hilma fór af fundi kl:20.10 Yfirlitið yfirfarið og rædd

**16. Niðurfelling úr bókhaldi Samþykkt samhljóða að loka fundi og færa bókun til trúnaðarmálabókar.**

17. Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða. Fundi slitið kl: 21:09.